



Borgarráð

Golfklúbbur Reykjavíkur - starfshópur

Óskað er eftir að skipaður verði starfshópur skrifstofu eigna og atvinnuþróunar (SEA), Umhverfs- og skipulagssviðs (USK) og Golfklúbbs Reykjavíkur (GR), sem hafi það hlutverk;

- að skoða mögulega uppbyggingu á 4 reitum á yfirráðasvæði GR sem golfklúbburinn hefur lagt fram hugmyndir um.
- að skoða mögulega uppbyggingu við Korpúlfsstaði með það fyrir augum að byggingarréttur sem þar verði til auki nýtingarmöguleika eldri byggingar. Hvað Korpúlfsstaði varðar skal hafa samráð við alla notendur hússins.
- að fara yfir hugmyndir GR um endurbyggingu golfvallarins í Grafarvogi og hvort að fjárhagslegur grundvöllur skapist til endurbyggingarinnar með mögulegum tekjum af þróunarreitunum fjórum.

SEA verði heimilt að ráðstafa allt að 5 m.kr. af þróunarkostnaði til vinnunnar.

SEA skal hafa frumkvæði að því að kalla hópinn saman, stýra vinnu hans og bera ábyrgð á að skila niðurstöðum fyrir hans hönd.

Niðurstaða þessarar vinnu ásamt áætlun um endurbætur á Grafarholtsvelli skal lögð fyrir borgarráð sem þá tekur ákvörðun um næstu skref í málinu.

Greinargerð: Með bréfi dagsettu 2. maí sl. til borgarstjóra óskaði Golfklúbbur Reykjavíkur eftir 5 m.kr. styrk til að vinna frekari áætlanir um endurbætur á íþróttamannvirkjum klúbbsins í Grafarholti. Erindinu var vísað til SEA til meðferðar.

Eins og fram kemur í bréfinu hefur golfklúbburinn þegar látið fara fram skoðun á mögulegri endurgerð golfvallarins í Grafarholti, en völlum er farinn að láta á sjá. Til að fjármagna mögulegar breytingar á vellinum býður klúbburinn fram fjögur svæði til mögulegrar uppbyggingar fyrir atvinnulóðir eða íbúðarhúsaloðir. Borgarstjóri fól skipulagsfulltrúa að vinna stutt minnisblað um það hvort að til greina komi að fara í uppbyggingu á þeim reitum sem golfklúbburinn leggur til. Sú skoðun leiddi í ljós að slíkt komi til greina. Þó þurfi að skoða alla reitina betur í framhaldinu.

Borgarráð samþykkti á fundi sínum þann 26. nóvember 2015 að fela SEA að kanna mögulega sölu Korpúlfsstaða. Sú skoðun hefur leitt í ljós að ekki sé skynsamlegt að selja húsið nema að fyrst hafi farið fram rækileg skoðun á skipulagsbreytingum kringum húsið. Fyrir liggur minnisblað frá skipulagsfulltrúa varðandi þá vinnu.

Í stað þess að veita golfklúbbum 5 m.kr. styrk til að skoða frekar möguleika á að endurbyggja golfvöllinn í Grafarvogi er talið skynsamlegt að slá þessum þremur verkefnum

saman, sem öll tengjast með ákveðnum hætti, og heimila SEA að verja til þeirra 5 m.kr. af þróunarkostnaði.

Niðurstaða þeirrar vinnu ásamt áætlun um endurbætur á Grafarholtsvelli verði síðan lögð fyrir borgarráð sem þá tekur ákvörðun um næstu skref í málinu.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 9. maí 2016.

Bréf Golfklúbbs Reykjavíkur dags. 2. maí 2016.

Korpúlfsstaðir, viðbyggingarmöguleikar dags. 18. nóvember 2015.

Drög að erindisbréfi starfshóps um svæði Golfklúbbs Reykjavíkur.

ERINDISBRÉF

Starfshópur um svæði Golfklúbbs Reykjavíkur

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Með bréfi dagsettu 2. maí sl. til borgarstjóra óskaði Golfklúbbur Reykjavíkur (GR) eftir 5 m.kr. styrk til að vinna frekari áætlanir um endurbætur á íþróttamannvirkjum klúbbsins í Grafarholti. GR hefur þegar látið fara fram skoðun á mögulegri endurgerð golfvallarins í Grafarholti. Til að fjármagna mögulegar breytingar á vellinum býður klúbburinn fram fjögur svæði til mögulegrar uppbyggingar fyrir atvinnulóðir eða íbúðarhúsaloðir. Skoðun skipulagsfulltrúa leiddi í ljós að til greina komi að fara í uppbyggingu á þeim reitum sem GR leggur til, þó þurfi að skoða alla reitina betur í framhaldinu. Þá hefur skrifstofu eigna og atvinnuþróunar verið falið að kanna mögulega sölu Korpúlfsstaða en forsenda þess er ítarleg skoðun á skipulagsbreytingum kringum húsið.

Helstu verkefni:

- Að skoða mögulega uppbyggingu á 4 reitum á yfirráðasvæði GR sem golfklúbburinn hefur lagt fram hugmyndir um.
- Að skoða mögulega uppbyggingu við Korpúlfsstaði með það fyrir augum að byggingarréttur sem þar verði til auki nýtingarmöguleika eldri byggingar. Hvað Korpúlfsstaði varðar skal hafa samráð við alla notendur hússins.
- Að fara yfir hugmyndir GR um endurbyggingu golfvallarins í Grafarvogi og hvort að fjárhagslegur grundvöllur skapist til endurbyggingarinnar með mögulegum tekjum af þróunarreitunum fjórum.

Starfshópin skipta:

Fulltrúi skrifstofu eigna og atvinnuþróunar (formaður)

Fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs.

Fulltrúi Golfklúbbs Reykjavíkur.

Starfsmaður:

Starfsmaður skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil:

Starfshópurinn skili niðurstöðum fyrir 15. janúar 2017 ásamt áætlun um endurbætur á Grafarholtsvelli sem skal lögð fyrir borgarráð.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson